

# STARFSLEYFISSKILYRÐI FYRIR NÁTTÚRULAUGAR Í FLOKKI 1

*Samræmd starfsleyfisskilyrði vegna hollustuháttar, sbr. lög nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, með síðari breytingum*

## 1. ALMENN ÁKVÆÐI OG GILDISSVIÐ

	Rg. nr.	Uppfyllt
1.1 Starfsleyfið gildir fyrir baðstað í náttúrunni í 1. flokki, sbr. reglugerð nr. 460/2015 um baðstaði í náttúrunni, með síðari breytingum.	Rg. 460/2015 5. gr.	
1.2 Starfsleyfið gildir aðeins á þeim stað / í húsnæði sem tilgreint er í starfsleyfinu og hlutið hefur samþykki byggingarnefndar fyrir starfsemina. Starfsleyfið tekur til öryggisþáttar, húsnæðis, umhverfis og búnings-, salernis- og annarrar aðstöðu fyrir baðgesti sem getur verið til staðar, eftir því sem við á.	Rg. 460/2015 5.-6. gr.	
1.3 Útgefíð starfsleyfi skal vera sýnilegt gestum.	Rg. 460/2015 6. gr.	
1.4 Rekstraraðila ber að veita heilbrigðisnefnd upplýsingar um fyrirhugaðar breytingar á starfsemi sem varða ákvæði starfsleyfis með hæflegum fyrirvara. Heilbrigðisnefnd metur upplýsingarnar og tilkynnir skriflega hvort nauðsynlegt sé að gefa út nýtt starfsleyfi.	Rg. 941/2002 12. gr.	
1.5 Ef um annan starfsleyfisskyldan rekstur er að ræða samhliða, gilda viðeigandi starfsleyfisskilyrði.	Rg. 941/2002 14. gr.	
1.6 Aðgangur skal vera að neysluvatni, um gæði þess gilda ákvæði reglugerðar nr. 536/2001 um neysluvatn.	Rg. 536/2001	
1.7 Rekstraraðili ber ábyrgð á rekstri fyrirtækis að öllu leyti þar með talið að lögum og reglum, sem eiga við um starfsemina sé fylgt sem og kröfum í starfsleyfi. Farið skal að ákvæðum reglugerðar nr. 460/2015 um baðstaði í náttúrunni, reglugerðar nr. 814/2010 um hollustuhætti á sund- og baðstöðum og reglugerðar nr. 941/2002 um hollustuhætti eftir því sem við á, enda samræmist starfsemin skipulagsátlunum..	Rg. 460/2015 5.-6. gr. Rg. 814/2010 og Rg. 941/2002	

## 2. HÚSNÆÐI OG BÚNAÐUR

	Rg.nr.	Uppfyllt
2.1 Mannvirki og búnaður á baðstöðum í náttúrunni skal þannig gerður og viðhaldið að fyllsta öryggis og þrifnaði verði komið við.	Rg. 460/2015 8. gr.	
2.2 Húsakynni skulu vera rúmgóð, björt, hæfilega hituð og loftræst á fullnægjandi hátt.	Rg. 814/2010 8. gr.	
2.3 Gólfefni skal uppfylla viðeigandi staðla um hálkuviðnám.	Rg. 814/2010 8. gr.	
2.4 Gönguleiðum við laugar skal halda frostfríum og lýsing við laugar skal vera góð.	Rg. 814/2010 8. gr.	
2.5 Gestir skulu hafa aðgang að fullbúinni snyrtingu, sem er loftræst með opnanlegum glugga eða vélrænni loftræsingu. Ruslafata með loki skal vera í hverju salernisrými.	Rg. 460/2015 8. gr. og 814/2010 9. gr.	



2.6 Gestir skulu eiga greiðan aðgang að búnings- og baðaðstöðu. Í baðaðstöðu skulu gestir hafa aðgang að fljótandi sápu. Ef við á, skal vera aðstaða til að sinna ungbörnum á öruggan hátt. Í búningsaðstöðu skal miða við a.m.k. 0,5 m <sup>2</sup> fyrir hvern gest.	Rg. 460/2015 8. gr. og Rg. 814/2010 9. gr.	
2.7 Í baðaðstöðu skulu vera fyrirmæli um að gestir þvoi sér án sundfata áður en haldið er til laugar. Við mat á nauðsynlegum fjölda sturta skal miða við að hver sturta sé notuð af 12 manns á klukkustund.	Rg. 460/2015 8. gr. og Rg. 814/2010 9. gr.	
2.8 Læst og loftræst ræstiaðstaða með skolvaski skal vera til staðar. Þar skal vera nægilegt geymslurými fyrir ræstiähöld og efnavöru.	Rg. 941/2002 14. gr.	
2.9 Vatnshiti á töppunarstað í sturtum og handlaugum skal ekki vera hærri en 43 °C og skal það tryggt með sjálfvirkum hitastýrðum blöndunartækjum og segulloka eða öðrum sambærilegum búnaði. Innstreymi vatns í laug skal ekki fara yfir 55 °C.	Rg. 941/2002 14. gr. og Rg. 814/2010 12. gr.	
2.10 Ef baðstofa eða gufubað er í boði fyrir gesti skal fara eftir 10. grein rg. 814/2010 um hollustuhætti á sund- og baðstöðum.	Rg. 814/2010 10. gr.	

### 3. HREINLÆTI OG ÞRIF

	Rg. nr.	Uppfyllt
3.1 Á sund- og baðstöðum skulu vera skriflegar verkáætlar sem segja til um framkvæmd og tíðni þrifa. Allar upplýsingar og skráningar skulu vera aðgengilegar fyrir eftirlitsaðila.	Rg. 460/2015 8. gr. og Rg. 814/2010 7. gr.	
3.2 Húsnæði og öll aðstaða skal þrifin daglega eða oftar eftir þörfum. Hreinlætisáetlun skal fela í sér umgengnisreglur og áætlar eftir því sem við á, s.s. um meindýravarnir, þrif og gerileyðingu. Allsherjarhreingerning eða málun skal fara fram eftir þörfum. Við þrif er nauðsynlegt að nota efni sem henta hverju sinni t.d. vegna útfellinga sem geta myndast við blöndun á jarðhitavatni og köldu vatni.	Rg. 460/2015 8. gr. og Rg. 814/2010 7. gr.	
3.3 Húsnæði/mannvirki skulu vera þannig frágengin að þau séu auðveld í þrifum og umgengni.	Rg. 460/2015 8. gr.	
3.4 Þrif skulu vera fullnægjandi, leitast skal við að nota umhverfisvæn efni þar sem því verður við komið og forðast óþarfa notkun á efnavöru.	Rg. 460/2015 8. gr. og Rg. 814/2010 18. gr.	
3.5 Loftræsikerfi skal hreinsa og þjónusta reglulega.	Rg. 460/2015 8. gr. og Rg. 814/2010 8, og 10. . gr.	
3.6 Reykingar og rafreykingar eru bannaðar þar sem almenningur leitar þjónustu.	Lög nr. 6/2002 og lög nr. 87/2018	
3.7 Í starfsleyfi skulu eftir því sem þörf er á vera reglur um takmörkun á aðgengi dýra að umhverfi baðstaðarins.	Rg. 460/2015 6. gr. og Rg. 941/2002 19. gr.	
3.8 Gæta skal fyllsta hreinlætis og snyrtimennsku. Allur búnaður skal vera hreinn og heill.	Rg. 460/2015 8. gr. og Rg. 814/2010 18. gr.	

#### 4. MATVÆLI


	Rg. nr.	Uppfyllt
Um matvæli gilda lög nr. 93/1995 um matvæli með síðari breytingum og reglugerðum settum samkvæmt þeim.	Lög nr. 93/1995	

#### 5. HEILNÆMI VATNSINS

	Rgl. nr.	Uppfyllt
5.1 Um örverufræðilegar kröfur baðstað í náttúrunni, tíðni sýnatöku og aðferðir vegna örverugreininga fer samkvæmt viðauka I. í reglugerð nr. 460/2015.	Rg. 460/2015 11. gr. og Viðauki I	
5.2 Rekstraraðli baðstaða skal upplýsa gesti um heilnæmi baðvatnsins og að vatn í náttúrulaugum sé ekki meðhöndlað með efnun til að halda örveruvexti í skefjum/niðri og því geti gæði baðvatns verið mismunandi frá einum tíma til annars. Fólk með ungbörn og fólk með skert ónæmiskerfi ætti að hafa það í huga.	Rg. 460/2015 Viðauki II og 11. gr.	
5.3 Ef gerlafjöldi í baðvatni hefur mælst endurtekið yfir hámarksgildum getur heilbrigðisnefnd heimilað eða fyrirkipað sótthreinsun á baðstöðum í 1. og 2. flokki, með geislun eða öðrum hætti án efnanotkunar, til að draga úr gróðurmyndun í keri og/eða til að sótthreinsa vatnið/kerið. Þar sem hægt er að tæma afþreyingarlaug er heilbrigðisnefnd heimilt að krefjast notkunar á sótthreinsandi efni, m.a. klór, til að hreinsa laugina, þ.e. yfirborðsfleti hennar. Gæta verður þess að afvirkja sótthreinsandi efni áður en vatni er hleypt aftur í laug, að sótthreinsun lokinni.	Rg. 460/2015 11. gr.	
5.4 Til að tryggja heilnæmi og gæði baðvatns er rekstraraðila eða heilbrigðisnefnd heimilt að takmarka gestafjölda í afþreyingarlaugum hafi gerlafjöldi í baðvatni mælst ítrekað yfir hámarksgildum	Rg. 460/2015 11. gr.	
5.5 Sýnataka af baðvatni fer samkvæmt viðauka I. Heilbrigðisnefnd er heimilt að gera kröfu um ítarlegri sýnatöku.	Viðauki I Rg. 460/2015 12. gr.	
5.6 Sýnataka skal dreifast reglulega yfir árið, eftir því sem kostur er og um niðurstöðu hennar fer samkvæmt viðmiðunargildum í töflu í viðauka I. Örveruinnihald skal standast kröfur viðauka I.	Rg. 460/2015 Viðauki I	

#### 6. ÖRYGGGI OG SLYSAVARNIR

	Rg. nr.	Uppfyllt
6.1 Rekstraraðilum baðstaða í náttúrunni í 1. flokki, ber að sjá til þess að ákvæði 9. gr. reglugerðarinnar og í viðauka II um upplýsingar um baðstað séu uppfyllt. Fara skal eftir Öryggishandbók fyrir sund- og baðstaði, sbr. 7. gr. 814/2010	Rg. 460/2015 9. gr. og Viðauki II Rg. 814/2010 7. gr.	
6.2 Endurskoða skal upplýsingar baðstaðarins ekki sjaldnar en á þriggja ára fresti og oftar ef þörf er á.	Rg. 460/2015 9. gr. og Viðauki II	
6.3 Laugagæsla skal vera til staðar á baðstað.	Rg. 814/2010 11. gr.	
6.4 Að lágmári skulu vera sérstakar merkingar sem sýna flokk baðstaðarins, bannreglur og aðvaranir. Einnig yfirlitsmynd sem sýni laug og laugarsvæði/strönd og strandsvæði, hitastig baðvatns og dýpt. Bæta má við öðrum viðeigandi upplýsingum í samráði við heilbrigðisnefnd. Merkingar og skilti skulu vera samkvæmt stöðlum um öryggismerkingar.	Rg. 460/2015 7., 10. gr og viðauki II	
6.5. Á baðstöðum í 1. flokki skulu öryggisreglur vera sýnilegar gestum. Þær skulu taka mið af ákvæðum um öryggisreglur í reglugerð nr. 814/2010 um hollustuhætti á sund- og baðstöðum	Rg. 460/2015 7. gr.	



eins og við á hverju sinni. Í þeim skal koma skýrt fram hvernig öryggisgæslu og ábyrgð er hártað og hvað ber að varast við bød og aðra notkun baðstaðarins.	Rg. 814/2010 11,12,13,14 og 15. grein.	
6.5 Til staðar skal vera neyðaráætlun, viðbragðsáætlun og öryggisreglur og skulu allir starfsmenn upplýstir um þær. Öryggisreglur skulu vera sýnilegar gestum.	Rg. 814/2010 11. gr. og Rg. 460/2015 7. gr.	
6.6 Skyndihjálparbúnaður skal vera til staðar, skal hann vera samkvæmt <a href="https://ust.is/atvinnulif/hollustuhauettir/sundstadir/oryggisbunadur/">https://ust.is/atvinnulif/hollustuhauettir/sundstadir/oryggisbunadur/</a> Búnaður skal yfirfarinn reglulega og starfsmenn þjálfaðir í notkun hans ásamt viðbrögðum við neyðartilvikum a.m.k. einu sinni á ári.	Rg. 814/2010 11. gr. og Rg. 460/2015 7. gr.	
6.7 Gerð er krafa að starfsmenn geti veitt skyndihjálp ef slys ber að höndum. Starfsmenn sem sinna gæslu skulu árlega gangast undir hæfnispróf sundstaða, samanber viðauka III í reglugerð nr. 841/2010. Allir starfsmenn skulu hafa sótt skyndihjálparnámskeið og það skal endurtekið eigi sjaldnar en annað hvert ár.	Rg. 814/2010 11. gr. og Rg. 460/2015 7. gr.	
6.8 Einstaklingum undir augljósum áhrifum áfengis eða annarra vímuefna er ekki heimill aðgangur að sund- og baðstöðum.	Rg. 814/2010 11. gr.	
6.9 Ef áfengisveitingar eru veittar, skal rekstraraðili tryggja aukna laugargæslu í samræmi við umfang, að hverjum gesti sé einungis veitt takmarkað magn áfengiseininga og sérstakrar varúðar gætt varðandi öryggi gesta.	Rg. 460/2015 7. gr.	
6.10 Skrá skal óhöpp og slys á þar til gerð eyðublöð (sjá <a href="http://www.ust.is">www.ust.is</a> ). Skráningar skulu vera aðgengilegar heilbrigðiseftirliti.	Rg. 814/2010 15. gr. og Rg. 460/2015 8. gr.	
6.11 Innra eftirlit á að vera vegna starfseminnar og taka mið af umfangi s.s. stærð laugar, endurnýjunarhraða baðvatns og fjölda gesta og starfsmanna. Þar sem umfang er mikil skal tilgreina áhættuþætti, fyrirbyggjandi aðgerðir s.s. varðandi hitastig vatns og þjálfun starfsfólks.	Rg. 814/2010 7. gr. og Rg. 460/2015 8. gr.	


## 7. LÓÐ OG UMHVERFISMÁL

	Rg. nr.	Uppfyllt
7.1 Aðkoma og lóð skulu vera hrein og snyrtileg og uppfylla almenn öryggissjónarmið.	Rg. 941/2002 14. og 18. gr.	
7.2 Leitast skal við að draga úr sorpmyndun og auka endurvinnslu úrgangs. Spilliefnum skal komið til viðurkenndra móttökustöðva. Fjöldi sorpílata skal vera í samræmi við umfang starfsemi og skal staðsetning þeirra, frágangur og umhirða vera í samræmi við reglugerð nr. 737/2003 um meðhöndlun úrgangs.	Rg. 806/1999 og Rg. 737/2003	
7.3 Fara skal eftir ákvæðum reglugerðar um fráveitur og skólp eftir því sem við á.	Rg. 798/1999	
7.4 Við hreinsun og losun vatns úr laugum skal fara að ákvæðum reglugerðar um hollustuhætti á sund- og baðstöðum.	Rg. 814/2010 18. gr.	
7.5 Starfsemin má ekki valda ónæði, sem er veruleg og ítrekuð truflun eða áreiti sem tilheyrir ekki því umhverfi sem um ræðir, s.s. vegna óþrifnaðar, ólyktar, hávaða eða titrings.	Rg. 941/2002 3. og 22. gr. og 724/2008	

Starfsleyfisskilyrðin eiga sér m.a. stoð í eftifarandi lögum og reglugerðum með síðari breytingum:

1. lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir,
2. lögum nr. 6/2002 um tóbaksvarnir,
3. lögum nr. 93/1995 um matvæli,
4. lögum nr. 87/2018 um rafrettur og áfyllingar fyrir rafrettur,
5. reglugerð nr. 941/2002 um hollustuhætti,
6. reglugerð nr. 460/2015 um baðstaði í náttúrunni
7. reglugerð nr. 814/2010 um hollustuhætti á sund- og baðstöðum,
8. reglugerð nr. 737/2003, um meðhöndlun úrgangs,
9. reglugerð nr. 798/1999 um fráveitur og skólp,
10. reglugerð nr. 103/2010 um hollustuhætti sem varða matvæli,
11. reglugerð nr. 724/2008 um hávaða,
12. reglugerð nr. 536/2001 um neysluvatn,
13. reglugerð nr. 806/1999 um spilliefni,
14. byggingarreglugerð nr. 112/2012.

Reykjavík 08.05.2020



Sigrún Ágústdóttir

